

## Fundur í stjórn Læknaráðs 2. desember 2021

Fundurinn var haldinn á Teams og viðstaddir voru (auk undirritaðrar): Gunnar Bjarni Ragnarsson, Bergur Stefánsson, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir og Þórunn Jónsdóttir

### 1. Fagráð

Þórunn Jónsdóttir fer yfir stöðuna á störfum fagráðsins. Vísa í fundargerð stjórnar Læknaráðs frá því í lok október, en þar eru reifuð þau mál sem eru í gangi nú þegar hjá fagráðinu. Ekki mikið gerst nýtt á undanförunum vikum nema að fagráðið hefur nú hitt sitjandi forstjóra Landspítala, Guðlaugu Rakel Guðjónsdóttir. Guðlaug vill að fagráðið sé sýnilegra og að það fjalli um ýmis mál sem hún lagði til, m.a. geðdeildarhúsið.

### 2. Fræðslunefnd

Þann 12/11 s.l. var haldinn opinn fundur um framtíðar vinnuaðstöðu lækna á nýjum Landspítala í samstarfi við FSL og SYL. Fundurinn var haldinn á Teams og voru 76 lækna með á honum. Lilja Stefánsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir hjá NSLH kynntu stöðu Hringbrautarverkefnisins og áform varðandi vinnuaðstöðu lækna þar, en áhersla verður lögð á verkefnamiðuð vinnurými (sem felur í sér að enginn mun hafa fasta vinnuaðstöðu). Lækna gerðu athugasemdir við þessi áform og tóku margir til máls, m.a. María Soffía Gottfreðsdóttir augnlæknir, sem lýsti óánægju augnlækna með þessa tegund vinnuaðstöðu í nýju húsnæði augndeildar við Eiríksgötu. Í lok fundar var samþykkt ályktun sem send var á stjórnendur Hringbrautarverkefnisins og stjórnendur Landspítala, auk bréfs sama efnis sem stjórn Læknaráðs sendi frá sér 2010 og var ítrekað.

Þann 17/11 stóð til að halda Nóbelfund Læknaráðs, en fundinum var frestað vegna hertra aðgerða vegna COVID faraldursins (mikill vilji fyrir því að halda hann sem staðfund). Til stendur að fundurinn verði í Hringsal 14. janúar kl 12-13.

Í dag ákvað stjórnin að fella niður jólafund Læknaráðs þetta árið þar sem ekki er hægt að halda hann á staðnum og er hann þess eðlis að hann hentar illa á Teams. Stefnt er að því að kveðja þá kollega sem hættu störfum á árinu við betra tækifæri á nýju ári.

### 3. Fulltrúi í vísindaráð LSH

Læknaráð hefur tilnefnt Sigurdísi Haraldsdóttur til að taka við af Sif Ormarsdóttur sem fulltrúi Læknaráðs í Vísindaráði.

### 4. Fjármál

Enn stendur til að stofna reikning og senda út ósk um fjárframlög frá læknum spítalans. Gunnar Bjarni ætlar að kanna hvort hægt sé að fá spítalann til að halda utan um reikninginn.

### 5. Bjórkvöld stjórnar

Bjórkvöldi stjórnar sem halda átti föstudaginn 19. nóvember á Kex Hostel var frestað vegna COVID.

Athugasemdir af fundinum 12. nóvember:

[11/12 12:43 PM] Margrét Birna Andrésdóttir

Sunna Snædal hér: mikilvægt að þeir sem ráða endanlegri hönnun átti sig á að læknir stendur um 20 x upp frá sinni tölvu á dag til að sinna sjúklingum ofl, og nýtir svo mínúturnar á milli í símtöl við sjúklinga, vottorðaskrif, vísindastörf ofl. Ekki hægt að skipuleggja tíma fyrir tölvuvinnu eins og margir aðrir geta. Einnig mikið um símtöl sem eru ófyrirséð og oftast um viðkvæm mál

like 8

[11/12 12:54 PM] Bjarni Guðmundsson

Mér virðist þessi orðræða um vinnuaðstöðu vera nánast sú sama og átti sér stað og ég var vitni að á Karolinska og Nýja Karolinska sl áratug. Ótal endurbætir þurfti að gera eftir á vegna skorts á samráði við lækna. Hefur verið horft þangað varðandi þessa framkvæmd?

like 5